

Grunnupplýsingar

Nafn skóla: Vogaskóli

Nafn verkefnis: SKÓLAMappa í eineltis- og samskiptamálum

Nafn verkefnastjóra: Lovísa Guðrún Ólafsdóttir og Snædís Valsdóttir

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að stuðla að vellíðan nemenda og að vinna að forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum gegn einelti. Það er gert með því að útbúa gagnamöppu fyrir kennara og starfsfólk skóla. Mappan inniheldur ýmis gögn og verkfæri í anda Olweus gegn einelti sem auðvelda þeim sína vinnu til að enginn velkist í vafa um sitt hlutverk og ábyrgð. Þannig myndast samfella sem markvisst stuðlar að vellíðan nemenda og spornar gegn einelti.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Undirbúningsvinnan fólst í því að afla upplýsinga hjá starfsfólki, foreldrum og nemendum. Unnið var í samvinnu við tvo árganga skólans. Haustið 2010 var vefkönnun (Outcome) lögð fyrir alla nemendur í þeim árgöngum þar sem leitað var eftir upplýsingum varðandi líðan í skólanum, lífsleiknitíma, bekkjarfundi, frímínútur og almenn samskipti. Fengið var leyfi hjá foreldrum/forráðamönnum fyrir þátttöku nemenda.

Við upplýsingaöflun innan skólans voru settir saman rýnihópar starfsfólks og nemenda. Í rýnihóp nemenda voru teknir fjórir nemendur úr hvorum árgangi. Í rýnihóp starfsfólks voru tveir kennarar, einn stuðningsfulltrúi og einn skólaliði. Öll viðtöl við rýnihópana voru tekin upp og þau nýtt í áframhaldandi vinnu með starfsfólkinu. Verkefnið var kynnt fyrir skólaráði sem kom með gagnlegar ábendingar.

Að loknu undirbúningsferli og upplýsingaöflun var útbúin mappa (Fylgiskjal 1) sem inniheldur gögn og verkfæri sem auðvelda starfsfólki að stuðla að vellíðan nemenda.

SKÓLAMappan inniheldur:

- Olweus gegn einelti
- Bekkjarfundir
- Nemendaviðtöl
- Tengslakannanir
- Foreldrafundir
- Frímínútnavakt

Umsjónarkennarar fá í hendurnar eintak af SKÓLAMöppunni og annað starfsfólk fær valda kafla.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið var viðamikilið og strax í byrjun kom í ljós að nauðsynlegt var að afmarka það. Ákveðið var að einskorða sig við hagnýtar leiðir sem framkvæmanlegar eru innan skólans. Þegar farið var að vinna í rýnihópunum kom ýmislegt í ljós sem betur mátti fara. Hagnýtar upplýsingar bæði frá nemendum og starfsfólki leiddu verkefnið inn á nýjar brautir. Áhugavert var að heyra sjónarmið og hugmyndir nemenda. Ef efni möppunnar verður fylgt eftir munu hugmyndir og sjónarmið nemenda fá meira vægi en áður var.

Mat á verkefninu

Meðan á verkefnavinnunni stóð voru fyrstu fimm kaflarnir í SKÓLAMöppunni í stöðugri þróun hjá tilraunabekkjunum. Einnig var efni möppunnar reglulega borið undir starfsmannafund og voru starfsmenn ánægðir með að taka þannig þátt í verkefninu og að fá þessa möppu í hendurnar næsta haust.

Verkefnið hefur nú þegar haft jákvæð áhrif á gæslu í frímínútum. Í viðtölum við starfsfólk hefur komið fram að því líður betur þegar starfslýsing er til staðar, vaktsvæðið betur skilgreint og starfsfólk veit hvert það á að fara með upplýsingar af frímínútnavaktinni. Kennarar hafa lýst ánægju sinni yfir því að fá strax upplýsingar um það sem gerist í frímínútum. Nemendur eru betur upplýstir um reglur sem gilda í frímínútum. Eftir að svæði hafa verið skilgreind þá gengur betur að fá hvern nemendahóp til að halda sig á sínu svæði.

Ef allir umsjónarkennarar og starfsfólk fylgja efni möppunnar mun það auka vellíðan nemenda og efla samstarf heimila og skóla.

Niðurstöður verkefnisins

Gildi verkefnisins fyrir skólastarfið er fjölpætt. Í lögum um grunnskóla segir:

Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstillhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila. (Lög um grunnskóla 91/2008 um grunnskóla 13. gr).

Efni SKÓLAMöppunnar auðveldar starfsfólki skólans að framfylgja þessari lagagrein. Gögn hennar eru í raun verkfæri til að ná fram því sem þar segir.

Skólaárið 2011 – 2012 verður SKÓLAMappan tekin í notkun af öllu starfsfólki skólans. Aðrir skólar geta fengið afnot af gögnunum gegn greiðslu (mappa + CD diskur með öllum gögnum á pdf).

Reykjavík 15. júní 2011

Lovísa Guðrún Ólafsdóttir
Verkefnisstjóri

Snædís Valsdóttir
Verkefnisstjóri

Jónína Ólöf Emilsdóttir
Skólastjóri Vogaskóla

SKÓLAMappa

1. Olweus gegn einelti

Minnislisti kennara
Olweusaráætlun
Meðferð eineltismála

2. Bekkjarfundir

Um bekkjarfundi
Vinnulag á bekkjarfundum
Skráningarblað bekkjarfunda
Fundabók fyrir bekkjarfundi

3. Nemendaviðtöl

Undirbúningur kennara
Tillögur að spurningum í nemendaviðtali
Markmiðsblað fyrir nemendaviðtal

4. Tengslakannanir

Fyrirlögn tengslakönnunar
Tengslakönnun
Pólsk tengslakönnun
Leiðbeiningar um úrvinnslu tengslakannana
Úrvinnslublað tengslakannana

5. Foreldrafundir

Um foreldrafundi
Fastir liðir á haustfundi með foreldrum

6. Frímínútnavakt

Frímínútnabókin